

Vopnafjarðarhreppur
Sigurður Jónsson
Hamrahlíð 15
690 Vopnafjörður

Garðabær, 22. júlí 2024
Málsnúmer: 202406-0050
IAS

Enfi: Umsögn um skógrækt í Selárdal, Vopnafirði - framkvæmdaleyfi

Við er í erindi frá Vopnafjarðarhreppi í gegnum Skipulagsgátt, dags. 24. júní 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um framkvæmdaleyfi vegna skógræktar í Selárdal, Vopnafirði.

Six Rivers Iceland sækir um leyfi til náttúruskógræktar á skilgreindu landbúnaðarsvæði á jörðunum Áslaugarstöðum, Þorvaldsstöðum og Hamri í Selárdal fyrir árið 2024 en þessar jarðir eru að hluta eða öllu leyti í eigu umsækjanda. Ætlunin er að stunda skógrækt sem mun falla vel að umhverfi svæðisins og verður að mestu notast við íslenskar tegundir í verkefninu (yfir 90% birki, gulvíði, reynivið og loðvíði). Fyrirhugað er að gróðursetja um 225 000 tré á um 111 ha en afmarkaðir eru 140,2 ha af mögulegu skógræktarsvæði.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér framkvæmdina og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Stofnunin telur að framkvæmdin sé mjög áhugaverð er varðar uppgræðslu á rýru melasvæði og fagnar því að samhliða framkvæmdum er sett af stað vöktun (landvöktunarreitir) þar sem grunnástand svæðisins er mælt (bæði lífríki á landi og í ám) og fylgst með framgangi þess á komandi árum. Ekki er minnst sérstaklega á vöktun fugla innan svæðisins sem ætti að vera hluti af vöktunarverkefninu. Þessi vöktun mun bæta þekkingu okkar á uppgræðslu melasvæða á heiðum Norðaustanlands þar sem notast er við innlendar trjáplöntur, en skortur er á slíkum rannsóknum hér á landi.

Þá telur Náttúrufræðistofnun mjög jákvætt að við framkvæmdina verður votlendi ekki raskað og ekki notast við vélknúin tæki til gróðursetningar sem kemur í veg fyrir rask á yfirborði svæðisins.

Fram kemur að auk íslenskra trjátegunda verður elri gróðursett nærri árbökkum (en þó aldrei nær en 30 m) en elri er niturbindandi planta. Ekki kemur fram hvaða tegund elris verði notuð. Í matskyldufyrirspurn þessarar framkvæmdar kom fram að uppi væru hugmyndir að notast kannski við elri en það yrði í litlu magni (undir 1% af heildargróðursetningu) en í þessari umsókn er elri um 4% og gert ráð fyrir allt að 10% geti verið erlendar tegundir. Náttúrufræðistofnun telur ekki æskilegt að elri sé notað innan skógræktarsvæðisins þar sem erlendar rannsóknir benda til þess að elri geti breitt úr sér og orðið ágeng tegund við vissar kringumstæður (<https://rfs.org.uk/wp-content/uploads/2021/06/non-native-alder-species-alnus-spp.pdf>).

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

